

Nd.

481. Nefndarátt

um frumvarp til laga um bann gegn dragnotaveiði í landhelgi.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Sjávarútvegsnefnd hefir athugað frumv. þetta og er þeirrar skoðunar, að fylsta ástæða muni vera til þess að banna dragnotaveiði, með þeim undantekningum, sem til eru teknar í þessu frumvarpi.

Um margra ára skeið hafa kolaveiðar verið stundaðar á nokkrum stöðum með ströndum landsins. Sú raun hefir þar á orðið, að kolinn hefir þorrið á þessum veiðistöðum, svo að sumstaðar þar, sem alloft veiddist vel áður, er nær engin kolaveiði nú. Þá er og fullvíst, að sum þessara veiðitækja, sem notuð eru, t. d. Snurrevaad, skemma botngróðurinn að miklum mun, og eyðileggja á þann hátt það skjól og þau lífsskilyrði, sem fiskseiði hafa í þessum gróðri. Er lang-sennilegast, að með þessu móti sje enn meira eyðilaggt af fiski heldur en það, sem veiðist.

Nú eru nokkrar horfur á því, að þessi veiði verði aukin að mun frá því, sem áður hefir verið. Má vera, að menn hefðu þessarar veiðar nokkrar nytjar um fárra ára skeið, á meðan verið er að uppræta þessar fiskitegundir. Það er þess vegna alveg víst, að hjer er ekki nema um stundarhag að ræða, örfárra manna, sem síðar meir, þegar á alt er litið, verður miklu meir til tjóns en gagns. Slíkt framferði í veiðiskap teljum vjer með öllu órjettmætt og óviðurkvæmilegt.

Tveir nefndarmanna (Ó. Th. og J. Jós.) vilja þó, að heimilt sje að veiða á sama hátt og hjer til hefir tíðkast 3 haustmánuðina (frá 1. sept.—30. nóv.) og hafa áskilið sjer rjett til að bera fram breytingartillögur við frv. í þessa átt, en eru að öðru leyti frv. fylgjandi.

En hinir þrir nefndarmanna (Jör. B., S. Á. Ó. og Sv. Ó.) vilja samþykkja frv. með þeirri breyting einni á því, sem öll nefndin ber fram.

Nefndin mælir með frv. með svo hljóðandi

BREYTINGUM:

1. 1. gr. skal orða svo:

Hvarvetna í landhelgi við Ísland skulu veiðar með dragnótum bannaðar, með undantekningum þeim, sem 2. gr. nefnir.

Til dragnóta teljast nætur þær, er til botns taka og eru dregnar með botni þegar veitt er, þar á meðal kolanót (Snurrevaad).

2. 2. gr. falli burt.

3. 3. gr., er verður 2. gr., skal orða svo:

Eigendum og nothöfum jarða þeirra, er að sjó liggja, skal þó heimilt að nota ádráttarnætur og draga þær á land. Einnig skal heimilt að króa af sild og ufsa við land, svo sem tíðkast hefir eftir fyrirmælum tilskipunar 12. febr. 1872, sem og að veiða sild í landhelgi með herpinót, þótt til botns taki.

Eftir sjerstöku leyfi atvinnumálaráðherra, sem hverju sinni skal tímabundið, geta þeir fengið að nota dragnætur í landhelgi, sem fást við vísindalegar rannsóknir.

4. 2. málsgr. 4. gr. falli burt.

5. Við 7. gr. í stað orðsins »landhelgissjóð« komi: fiskiveiðasjóð.

Alþingi, 14. mars 1928.

Sveinn Ólafsson,
form.

Jörundur Brynjólfsson,
frsm.

Sigurjón Á. Ólafsson.

Undirritaðir eru um ýmislegt ósammála ofanrituðu nefndarálit, en fylgja frumv. með þeirri breytingu, að dragnotaveiði sje heimil frá 1. september til 30. nóvember árlega, og munu flytja breytingartillögu þess efnis.

Alþingi, 14. mars 1928.

Jóhann P. Jósefsson. Ólafur Thors.